

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. október 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-45/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna smágröfu sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að svokallaður hamar, sem álitsbeiðandi telur að hafi átt að fylgja vinnuvélinni við kaupin, verði afhentur sér.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 28. júlí sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum en engin andsvör bárust. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi hinn 23. apríl sl., keypt tæplega 6 ára gamla, 3,9 tonna smágröfu af seljanda fyrir kr. 3.750.000. Segir álitsbeiðandi að með vélinni hafi fylgt ýmsir fylgihlutir, en í kaupsamningi og afsali fyrir gröfunni sé vísað til sölusíðu Z hvað varðar fylgihlutina. Á sölusíðunni hafi síðan verið að finna svohljóðandi texta um smágröfuna:

„Vélin er í topp lagi, á nýjum beltum, Hraðtengi, Hamar/Tiltlagnir, 3x Skóflur og 1x Tiltskófla“.

Álitsbeiðandi segist hafa talið að í tilvitnaðri lýsingu á smágröfunni hafi falist að með gröfunni fylgdu þrjár skóflur, ein tiltskófla og hamar og telur þann skilning m.a. eiga sér stoð í myndum af gröfunni, en þar mátti sjá tvo hamra, annan bláan og hinn hvítan. Þegar smágrafan var hins vegar afhent hinn 24. apríl, fylgdi henni ekki hamar. Hinn 14. maí sendi álitsbeiðandi seljanda bréf og fór fram á að fá afhentan hamar, sem hann taldi að hætti að vera blár að lit. Seljandi svaraði ekki bréfinu, en umsjónarmaður heimasíðunnar Z gerð það hins vegar sama dag, þ.e. 14. maí. og hafnaði því að umþrættur hamar hefði átt að fylgja með smágröfunni. Í bréfi umsjónarmannsins kom m.a. fram að skóflurnar sem hefðu sést á myndinni hefðu ekki passað á smágröfuna sem álitsbeiðandi keypti. Þá kemur einnig fram að umsjónarmaðurinn telji að skilningur álitsbeiðanda á þeirri setningu sem vísað er til hér að ofan sé útúrsnúningur.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi kröfu um réttar efndir, þ.e. að fá þann hamar, sem tiltekinn er í auglýsingu um smágröfuna, afhentan frá seljanda.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Sem fyrr segir snýst deila aðila um fylgihluti með gröfu af gerðinni New Holland E 352, fastanúmer xx-0000, sem álitsbeiðandi, samkvæmt kaupsamningi og afsali dags. 23. apríl sl., keypti notaða af seljanda fyrir kr. 3.750.000. Er vinnuvélin af árgerð 2006, nýskráð 1. júlí s.á. og hafði hún við kaupin verið notuð í um 1700 vinnustundir.

Í umræddum kaupsamningi og afsali fyrir gröfunni segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi því 19. gr. laga nr. 50/2000, en þar segir m.a. eftirfarandi:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust; [...]

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Í kaupsamningi og afsali aðila er sem fyrr segir vísað til sölusíðu Z hvað varðar fylgihluti en þar sagði orðrétt um fylgihluti:

„Vélin er í topp lagi, á nýjum beltum, Hraðtengi, Hamar/Tiltlagnir, 3x Skóflur og 1x Tiltskófla“.

Álitsbeiðandi virðist byggja kröfu sína fyrst og fremst á því að samkvæmt þessu orðalagi hefði átt að fylgja með gröfunni hamar. Þá sé einnig í sama gagni, þ.e. á sölusíðu Z, að finna mynd af gröfunni og á þeirri mynd megi sjá hamar. Álitsbeiðandi telur því söluhlutinn ekki svara til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. laga nr 50/2000 og að um sé að ræða atriði sem hafi haft áhrif á að kaup gerðust. Því sé söluhluturinn vegna þessa haldinn galla.

Kærunefndin getur ekki tekið undir þennan skilning álitsbeiðanda. Í fyrsta lagi er kærunefndin ósammála skilningi álitsbeiðanda á tilvitnuðu orðalagi á sölusíðu Z. Þó fallast megi á að orðalagið mætti vera skýrara, en á sölusíðunni stendur „Hamar/Tiltlagnir“ í einu orði, sem vissulega hefði verið heppilegar ritað sem „hamar- og tiltlagnir“, er það mat kærunefndarinnar að ekki verði lesið út úr textanum að hamar hefði átt að fylgja með gröfunni líkt og álitsbeiðandi vill meina. Í gögnum máls kemur einnig fram að þeir hamrar sem má sjá á ljósmynd af gröfunni á sömu sölusíðu, passi hvorugir á gröfuna sem seld var. Að auki má benda á að tveir hamrar eru á myndinni, en álitsbeiðandi telur að einungis einn hamar eigi að fylgja með gröfunni.

Er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðanda hafi ekki tekist að sýna fram á að umrædd grafa hafi verið haldin galla í skilningi laga um lausafjárkaup og verður því að hafna kröfum hans.

V
Álitsorð

Kröfum X, á hendur Y, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir